



Til afhendingarskyldra aðila – sveitarfélög
b.t. bæjarstjóra/sveitarstjóra/oddvita

Egilsstöðum 29. ágúst 2018

Skjalavarsla í kjölfar nýrra laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga

Þann 15. júlí tóku gildi Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Þar eru auknar skyldur lagðar á sveitarfélög og aðra aðila sem vinna með persónuupplýsingar. Í því sambandi er rétt að minna á eftirfarandi atriði um skjalavörslu og meðferð skjala á skrifstofum sveitarfélaga á starfssvæði Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. Neðangreindar upplýsingar eiga einnig við um aðra aðila á vegum sveitarfélaga svo sem nefndir, skóla, byggðasamlög og hlutafélög.

Með nýjum persónuverndarlögum verður hvorki breyting á varðveislu- né afhendingarskyldu. Um skjöl sveitarfélaga gilda Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. **Sveitarfélögum, nefndum, skólum og öðrum stofnunum á þeirra vegum er ekki heimilt að eyða skjölum eða persónuupplýsingum sem myndast í starfsemi. Einstaklingar geta sem fyrr fengið upplýsingar um mál sem þeir eru aðilar að en ekki er skylt að verða við beiðni um að skjölum verði eytt.**

Samkvæmt Lögum um opinber skjalasöfn skal héraðsskjalasafn hafa eftirlit með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila, þ.e. sveitarfélögum, stofnunum og embættum á þeirra vegum. Hér fyrir neðan er vísað á helstu greinar laganna. Nánari leiðbeiningar eru í fylgiskjali með þessu bréfi.

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 (1. gr.)

„Markmið laga þessara er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.“

Ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu (22. gr.)

„Forstöðumaður afhendingarskylds aðila ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu viðkomandi aðila, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi. Hið sama gildir um formann stjórnarsýslunefndar og framkvæmdastjóra sveitarfélags, svo og forstöðumenn sjálfseignarstofnana, sjóða og annarra aðila sem lög þessi gilda um [...]“

Sá sem ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu skal grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að vernda skjöl afhendingarskylds aðila fyrir ólöglegri eyðileggingu, breytingu og óleyfilegum aðgangi.“

Vönduð skjalavarsla getur því stuðlað að öruggri persónuvernd.

Bréf þetta er sent til allra sveitarfélaga á Austurlandi. Óska ég eftir að fylgja erindinu eftir með heimsókn og fundi á næstu dögum. Æskilegt er að málefnið fái einnig umfjöllun í bæjar- og sveitarstjórnnum.

Virðingarfyllt,

Bára Stefánsdóttir
héraðsskjalavörður